

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2518  
komudagur 25.5.2004

## SVÆÐISFÉLAGIÐ KLETTUR

Félag smábátaeigenda frá Ólafsfirði að Tjörnesi.

24. maí 2004

**Efni:** Umsögn Svæðisfélgsins Kletts (Klettur).  
Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.  
Mál nr. 996.

Klettur harmar, að við gerð þessa frumvarps skuli ekki hafa verið tekið tillit til samþykktar aðalfunda L.S. og svæðisfélaga smábátaeigenda um allt land um málefni dagabáta á síðustu árum, þar sem krafa hefur verið gerð um 23 daga gólf í dagakerfið.

Klettur leggst ekki gegn því að kvótaleið sé boðin sem lausn þessara mála handa þeim sem svo kjósa, en ýtrekar fyrri samþykktir um 23 daga gólf í dagakerfið sem annan valkost.

Það er skoðun Kletts að þetta frumvarp, feli í sér stórfellda fækkun smábáta á færaveiðum og hafi í för með sér aukið atvinnuleysi við sjávarsíðuna og sé því engin lausn á vanda dagabáta og útgerða þeirra. Klettur leggst því gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd.

**Virðingarfyllt**

---

Pétur Sigurðsson Formaður Kletts